

I4.tbl.

27.apríl. 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Afmæli

Hjördís Albertsdóttir í Hólmum, Mývatnssveit,

varð níráð 15. nóvember s.l. og því ekki seinna vænna en að fagna því saman. Af því tilefni býður Hjördís til veislu í Vogafjosi, laugardaginn 30. apríl milli kl. 13:00 og 16:00. Hún óskar eftir því að sjá sem flesta og biður þess eins að fólk mæti með góða skapið með sér.

Allar gjafir vinsamlegast afþakkaðar.

Komum saman og höfum gaman.

Nefndin

Aðalfundur

Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Þingeyjar

verður haldinn miðvikudagskvöldið 4.maí n.k kl 20:30

í húsi sveitarinnar Melgötu 9

hefðbundin aðalfundarstörf,

nýir og áhugasamir ávallt velkomnir.

Kveðja Stjórnin

Stefnuskrá K-listans

verður kynnt á rafrænum fundi á Zoom fimmtudagskvöldið 28. apríl kl. 20:00 og hlekkur á fundinn verður settur inn á Facebooksíðu K-listans (K-Listi Þingeyjarsveit / Skútustaðahreppur). Í kjölfarið hefst röð heimboða þar sem K-listinn býður alla íbúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps hjartanlega velkomna í heimsókn til frambjóðenda til að spá og spjalla um stefnumál, áherslur og málefni líðandi stundar.

Dagsetningar heimboða:

- 30. apríl kl. 12:00 – Jóna Björg, Björgum í Kinn
- 2. maí kl. 16:30 – Arnór, Hellu á Laugum
- 3. maí kl. 20:00 – Guðrún, Svartárkoti í Bárðardal
- 4. maí kl. 16:30 – Helgi, Geiteyjarströnd í Mývatnssveit
- 4. maí kl. 20:00 – Sigurður, Gautlöndum í Mývatnssveit
- 5. maí kl. 16:30 – Úlla, Reykjum í Fnjóskadal
- 8. maí kl. 12:00 – Árni Pétur, Nesi í Aðaldal

Við ljúkum þessari fundaröð á spjallfundi í Ýdölum þann 10. maí kl. 20:00. Fundurinn verður einnig sendur út í streymi á Facebooksíðu K-listans.

Hlökkum til að taka á móti ykkur,
K-listinn

Framleiðendur athugið!

Mývatnsstofa stendur fyrir bænda- og handverksmarkaði í Kaffi Borgum þann 28. maí (sama dag og Mývatnsmaraðnið).

Ef þú hefur áhuga á að selja á markaðnum hafðu samband við Úllu í ulla@visitmyvatn.is. Í póstinum þarf að koma fram, nafn, símanúmer, söluvara og kennitala.

Borðið kostar 4000 kr.



Hestamannafélagið Þjálfí verður með reiðnámskeið fyrir krakka í 1-7 bekk dagana 1. og 8. maí n.k. í Torfunesi. Kennslutími er um 35 mínútur og kennarinn er Birna Hólmgeirsdóttir.

Fullt verð er 12.000

Félagsmenn greiða 8.000.

Skráning er á helgasigurbj@gmail.com

Einnig er hann Þorsteinn Björnsson kennari á Háskólanum á Hólum að koma og verður með reiðnámskeið í Torfunesi þann 30. apríl og 7. maí n.k. Kennslutíminn er 40 mínútur og eru þetta einkatimar og kostar skiptið 11.000

En fyrir félagsmenn Þjálfá 7000.

Boðið verður upp á súpu í hádeginu.

Skráning á helgasigurbj@gmail.com

ÞJÁLFI



Kv Stjórnin.

Stefna K-lista - Saman til framtíðar

K-listinn sem býður fram krafta sína í sameinuðu sveitarfélagi er samsettur af breiðum hópi fólks með mismunandi bakgrunn, en við eigum það sameiginlegt að bera hag samfélagsins fyrir brjósti og brennum fyrir framförum í þágu íbúa svæðisins.

Stefna listans er í grundvallaratriðum að tryggja öllum íbúum sameinaðs sveitarfélags sveigjanlega og góða þjónustu til framtíðar og þar með stöðugt að auka búsetugæði þeirra. Það er einlægur vilji okkar að sveitarfélagið verði eftirsóknarvert til búsetu með framúrskarandi þjónustu og innviðum.

Við viljum tryggja árangursríka sameiningu sveitarfélaganna á öllum sviðum með hamingju fólks og stöðugleika í fjárhag og rekstri sveitarfélagsins að markmiði. Þar byggjum við á þeirri miklu og skapandi mál-efnavinnu sem að fjöldi íbúa lagði af mörkum við undirbúning samein-
ingarinnar.

Okkur finnst mikilvægt að auka nálægð íbúa við stjórnsýsluna með því að miðla upplýsingum, tryggja gagnsæi og samráð. Skólarnir og börnin eru hjartað í samfélaginu og við leggjum mikla áherslu á framþróun þeirra tækifæra sem að þeim snúa.

Við trúum því að framtíðin sé björt og að saman getum við gert gott samfélag enn betra með gleði og hamingju að leiðarljósi.

Markmið K-listans eru:

- Að sameiningin verði til sóknar fyrir allt samfélagið til framtíðar.
- Að skapa jarðveg tækifæra fyrir alla og fjárfesta í fólkinu okkar
- Að sveitarfélagið verði eftirsóknarverður og aðlaðandi staður til að búa á með framúrskarandi skólum og öflugri þjónustu við íbúa.
- Að fjölga íbúum sveitarfélagsins og styrkja þannig stoðir samfélagsins.
- Að efla hamingju fólks í sveitarfélaginu.
- Að skólarnir og börnin séu ætíð hjartað í samfélaginu.
- Að halda áfram framþróun þeirra tækifæra sem að snúa að skólunum.
- Að samþætta og efla þjónustu við eldra fólk, barnavernd og málefni fatlaðra og öryrkja í sveitarfélaginu.

- Að haldið verði áfram uppbyggingu í húsnæðismálum. Fjölbreytni valkosta verði aukin sem nýti til jafns styrkleika dreifbýlisins og þéttbýliskjarna.
 - Að styrkja innviði svæðisins og vera áfram öflugir talsmenn íbúa gagn vart ríkisvaldinu.
Að vera áfram í fararbroddi í umhverfis- og auðlindamálum.
-

Menntun

- Skólarnir eru hjartað í samfélaginu.
 - Við viljum skapa börnunum okkar framúrskarandi skólaumhverfi allt frá leikskóla til framhaldsskóla sem byggir á faglegu starfi allt frá upphafi.
 - Leikskólapláss standi áfram öllum börnum til boða ekki síðar en við eins árs aldur.
 - Samstarf milli skólastofnanna verði aukið og styrkleiki hverrar um sig nýttur til hagsbóta fyrir alla.
 - Íþróttir og hreyfing yngri barna verður innan skóladagsins undir handleiðslu fagfólks á vegum sveitarfélagsins með svipuðum hætti og tónlistardeildirnar hafa starfað.
 - Skólamáltíðir og námsgögn áfram gjaldfrjáls.
 - Starfsstöðvar skólanna verða áfram á sömu stöðum.
 - Haldið verði áfram með þróunarverkefnið Menntasókn í norðri, þar sem horft er til þess að bæta starfið og nýta til þess stafræna tækni, vistvænar samgöngur og sérstaka náttúru og auðlindir svæðisins.
 - Efla nýsköpun og tæknilæsi á öllum skólastigum.
 - Efla náttúrulæsi og umhverfisvitund.
 - Unnin verði sameiginleg skólastefna fyrir grunnskóla sveitarfélagsins og samstarf þeirra aukið.
 - Útbúin verði framtíðaraðstaða fyrir leikskólann Tjarnarskjól.
 - Skólaþjónusta verði byggð upp innan sveitarfélagsins og horft til þeirrar þekkingar og hæfni sem þegar er til staðar í skólunum.
 - Aukið samstarf og samþætting milli skólastiga og tengsl unglingsstigsins við Framhaldsskólann á Laugum verði stórefld.
 - Auka félagsleg samskipti barna og unglinga innan sveitarfélagsins og skipulag ungmennastarfs verði á einni hendi.

Lögð verði áfram áhersla á öflugt og metnaðarfullt tónlistarstarf innan tónlistardeilda skólanna og samstarfið milli þeirra aukið.

Heilsa og hamingja

- Efla velferð og hamingju íbúa sveitarfélagsins. Við ákvarðanatöku og ráðstöfun fjármuna sé litið til áhrifa á hamingju fólks og vellíðan. Ný heilsugæsla verði sett á laggirnar á Laugum. Með bættri aðstöðu opnast möguleikar á bættri grunnþjónustu, sjúkraþjálfun og ýmissi stoðþjónustu.

Markmiðið að auðvelda íbúum að búa áfram á heimilum sínum á efri árum.

- Sett verði á laggirnar þróunar- og nýsköpunarverkefni með það fyrir augum að færa þjónustuna nær íbúunum.
 - Vinna áfram hugmynd um heilsugæslu á hjólum með nýtingu tækni- og færnanleika starfsmanna.
 - Samþætta og stuðla að samvinnu félags- og heilbrigðisþjónustu og efla til muna samstarf við HSN.
 - Byggja upp barnvænt samfélag og heilsueflandi samfélag með nánú samstarfi við íþróttafélögin.
 - Bæta þjónustu á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu með samþættingu og samvinnu um barnavernd, málefni eldri íbúa, öryrkja og fatlaðra.

Áfram verði unnið að byggingu hjúkrunarheimilis á Húsavík í samstarfi við nágrennasveitarfélög.

Umhverfis-, skipulags- og loftslagsmál

- Nýtt aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags taki gildi fyrir árslok 2023.
 - Þar verði lögð áhersla á jafnvægi verndar og nýtingar.
 - Áhersla á stórkostlega náttúru svæðisins, blómlegt mannlíf og öflugt atvinnulíf.
 - Hvatt til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu bæði í dreifbýli og þéttbýli.
 - Möguleikar til uppbyggingar íbúðahúsnæðis á lögbýlum verði auknir.
 - Afslættir af gatnagerðargjöldum í þéttbýli.
 - Afslættir af gjöldum vegna skipulagsgerðar utan þéttbýlissvæða.

- Áframhaldandi uppbygging leiguhúsnæðis í samstarfi við HMS.
- Leita leiða til að bæta nýtingu þess húsnæðis sem þegar er til staðar í sveitarfélaginu.

Íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélagsins verði aukið og endurbætt.

- **Umhverfisstefna** sveitarfélagsins verði ætíð höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku og hún endurskoðuð árlega.
 - Uppbygging svartvatnsverkefnisins á Hólasandi haldi áfram.
 - Söfnun og nýting lífrænna auðlinda aukin og þær nýttar sem grunnþáttur við landgræðslu og skógrækt.
 - Tækifæri fyrir bændur í söfnun og nýtingu lífrænna auðlinda ekki síst í ljósi hækkandi áburðarverðs.
 - Markviss og faglegur stuðningur við orkuskipti.
 - Köld svæði innan sveitarfélagsins verði varmadæluvædd.
 - Uppbygging hleðslustöðva í sveitarfélaginu.
 - Sveitarfélagið verði kolefnishlutlaust ekki síðar en árið 2040.
 - Markvisst verði unnið að kolefnisbindingarverkefnum s.s. landgræðslu og skógrækt auk samdráttar í losun.
 - Samstarf við bændur, landeigendur, Umhverfisstofnun, Landgræðslu og Skógrækt.
 - Unnið eftir loftslagsstefnu sveitarfélagsins.
 - Meðferð úrgangs bætt og löguð að breyttu lagaumhverfi.
 - Bæta þjónustu og auka meðvitund um þennan málaflokk bæði hjá íbúum og rekstraraðilum.
- Við þessar breytingar verði lækun kostnaðar og hagkvæmni höfð að leiðarljósi.

Kraftur samfélagsins og atvinnumál

- Áhersla verði á eflingu matvælaframleiðslu á svæðinu og hringrásarhagkerfið.
- Landbúnaður er mikilvæg atvinnugrein í sveitarfélaginu og leita þarf leiða til að efla samkeppnishæfni greinarinnar í örum breytingum í heimsframleiðslunni.
- Dreifileiðir matvæla innan sveita og tengingar milli framleiðenda og

neytenda verði styrktar.

○ Markviss uppbygging á innviðum tengdum ferðapjónustu í samstarfi við ríkið og hagsmunaaðila s.s. íbúa, landeigendur og rekstraraðila.

○ Við ætlum að nýta þá orku sem svæðið býr yfir íbúum og náttúru til hagsbóta.

○ Samtal er þegar hafið við Landsvirkjun um samstarf við uppbyggingu nýsköpunar og atvinnutækifæra í tengslum við orkuauðlindirnar með bættu nýtingu hennar að leiðarljósi.

○ Áhersla verði lögð á aukna fullnýtingu s.s. jarðböð, ylrækt o.fl..

○ Störf án staðsetningar fela í sér mikil tækifæri fyrir svæðið sem við ætlum að nýta.

○ Við ætlum að efla menningarstarf í sveitarfélaginu í samvinnu við félagasamtök og einstaklinga.

○ Auka kynningarstarf á svæðinu m.a. í samstarfi við Mývatnsstofu.

○ Ferðamenn (Íslenskir og erlendir) verði meðvitaðir um að þeir séu staddir á svæði þar sem náttúruvernd er höfð í hávegum.

○ Við ætlum að styðja áfram við nýsköpun og þróun tækifæra í sveitarfélaginu og byggja þar á hinu þróttmikla starfi sem unnið hefur verið á vettvangi Nýsköpunar í norðri (NÍN).

○ Efla íþróttar og tólmundastarf utan skólanna.

○ samstarf við nágrannasveitarfélög.

✦ stuðningur við íþróttafélögin og áhersla á samstarf.

✦ Við viljum að nýtt sveitarfélag verði fyrirmyndar vinnustaður með öflugum mannauðsstefnu og jafnlaunavottun.

Áhersla verði á sveigjanlegt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi þar sem starfsfólki líður vel.

Lífskjör

● Á grundvelli styrkleika samfélagsins og traustrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins ætlum við að vaxa til velsældar eftir krefjandi tíma.

● Umferðaröryggi verði bætt.

○ Unnin verði umferðaröryggisáætlun fyrir sameinað sveitarfélag þar sem lögð verði áhersla á aukið öryggi vegfarenda og íbúa.

- Áframhaldandi markviss uppbygging göngu- og hjólastíga auk reiðvega.
 - Þjónustustig verði aukið í íþróttamiðstöðvum sveitarfélagsins.
 - Opnunartími íþróttahúsanna verði endurskoðaður og komið á lykilkortum þar sem slíkt er mögulegt.
- Tryggja gott aðgengi íbúa sveitarfélagsins að verslun og þjónustu.

Góðir stjórnarhættir

- Upplýsingaflæði til íbúa og gagnsæi í stjórnsýslu í fyrirrúmi.
- Íbúagátt þar sem hægt er að koma sjónarmiðum á framfæri.
- Reglulegir viðtalstímar sveitarstjórnarfólks og starfsmanna.
- Íbúafundir um málefni sveitarfélagsins.
- Skýrsla framkvæmdastjórnar í takt við sveitarstjórnarfundi.
- Skipulagt samstarf m.a. við ungmennaráð, íþróttafélögin og öldungaráð.
- Undirgögn funda verði birt með fundargerðum.
- Við gerð fjárhagsáætlana sé gert ráð fyrir beinni aðkomu íbúa s.s. með söfnun hugmynda til framfara.
- Við ætlum að leggja áherslu á samvinnu og samstarf í þágu samfélagsins.
- Vera dugleg að halda á lofti því sem er í boði í sveitarfélaginu.
- Við ætlum að vera óhrædd við að reyna nýjar leiðir við rekstur sveitarfélagsins, enda sé markmiðið ávallt að auka þjónustu við íbúa og bæta búsetuskilyrði.
- Öflug hagsmunagæsla í þágu samfélagsins.
- Frumkvæði í samstarfi við nágrennasveitarfélög um nýtingu tækifæra.
- Áhersla á samstarf við lykilaðila á svæðinu s.s. Landsvirkjun, Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarð um markvissa uppbyggingu í þágu samfélagsins.
- Nær samfélagið njóti enn betur nýtingar náttúruauðlinda svæðisins.
- Sveitarfélagið hafi meiri áhrif á þróun s.s. samgönguáætlunar meðal annars með umferðaröryggisáætlun og virkri þátttöku um forgangsverkefni á sviði samgangna í landshlutanum.

- Áhersla á samgöngubætur í þágu íbúa svæðisins og atvinnulífs.
 - ✦ Nýjar brýr yfir Skjálfandaflijót og Jökulsá.
 - ✦ Unnið verði kröftuglega að vegbótum. Úrsérgengnir holóttir malarvegir eru hættuleg arfleið 20. aldarinnar og eiga ekki heima í nútímasamfélagi.
 - ✦ Uppbygging göngu- og hjólastíga.
- Við ætlum áfram að veita góða vetrarþjónustu, en þjónustan verði þróuð til að mæta enn betur þörfum íbúa m.a. með samtali við Vegagerðina.

Varðveisla og kynning menningar

- Við stöndum við bakið á menningu, listum og félagsstarfi.
 - Félagshemili sveitarfélagsins nýtt í þágu menningarstarfs.
 - Áframhaldandi stuðningur við verkefni og félög tengd menningu.
 - Við viljum að kröftugt menningarstarf svæðisins verði sýnilegra og samstarf aukið.
 - Stuðla að því að íbúar kynnist söfnum og starfsemi Menningarmiðstöðvar Þingeyinga (MMP) t.d. með aukinni tengingu við skólastarf.
 - Starfssemi MMP verði ekki raskað.
 - Ráðið verði í starf menningarfulltrúa sem fari með menningarstarf í sveitarfélaginu, fjölmennigarmál og málefni flóttafólks.
 - Við ætlum að leggja áherslu á að bjóða nýtt fólk velkomið.
 - Vetrarhátíðin verði þróuð áfram í samstarfi við Mývatnsstofu
 - Að jörðin Kálfaströnd verði nýtt í þágu skólastarfs s.s. með vettvangskennslu.
- Að Gígur - miðstöð náttúruverndar vaxi og dafni og verði að líflægum vinnustað.



Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing	kr. 3.990– m.vsk
heilsíðuauglýsing	kr. 5.500.m vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir
s. 8953386



SUMAR 2022

Sumarstörf í Kröflu, heitasta staðnum í sumar

Ert þú orðin/n 18 ára og leitar að sumarstarfi?

Við hjá Landsvirkjun leitum að jákvæðum og úrræðagóðum einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í gestastofunni í Kröflu í sumar. Æskilegt er að hafa reynslu af þjónustustörfum og þekkingu á svæðinu og sýna sjálfstæði, sköpun og frumkvæði í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 1. maí

Fyrirspurnir skulu berast til
sumarstarf@landsvirkjun.is

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf



Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla

Prjónakaffi verður á bókasafninu
fimmtudagskvöldið 28. apríl kl 19:30 – 21:30

Komum saman með handavinnu og eigum
notalega kvöldstund



skógræktin


Ertu að leita að sumarstarfi?

Skógræktin óskar eftir fólki til vinnu.

- ◇ Sumarstarf frá því í lok maí og fram yfir miðjan ágúst.
- ◇ Vera orðin 18 ára.
- ◇ Hafa bílpróf.

Í boði er ókeypis húsnæði fyrir starfsfólk.

Nánari upplýsingar veitir: Rúnar Ísleifsson sími: 896 3112
og email: runar@skogur.is



Umhverfis- og lýðheilsuþing og Vortónleikar Stórutjarnaskóla

Miðvikudaginn 4. maí nk. er foreldrum barna í Stórutjarnaskóla og öðrum áhugasömum boðið að koma og fræðast um umhverfis- og lýðheilsumál og hlýða á fjölbreytt tónlistaratriði á Vortónleikum skólans. **Dagskráin hefst kl. 13:30.**


Aðalfyrirlesari þingsins verður Ólafur Sólíman matreiðslumeistari. Hans erindi mun fjalla um hans helsta áhugamál sem er mikilvægi góðrar næringar í samhengi við vistspor og framleiðslu matvæla í heimahéraði. Þá munu nemendur kynna niðurstöður úr lítilli rannsókn á matarsóun sem framkvæmd var hér í skólanum nú í mars. Einnig verður sagt frá þróunarverkefni með áherslu á stærðfræði og vísindi sem skólinn tekur þátt í ásamt nokkrum erlendum skólum.

Vortónleikar nemenda verða haldnir í kjölfar þingsins. Fjölbreytt og áhugaverð efnisskrá. Ókeypis aðgangur en eftir tónleikana er kaffisala til styrktar ferðasjóði nemenda. Kaffi og með því kr 1500- ath. ekki posi.

Allir hjartanlega velkomnir

Með góðri kveðju,

*Umhverfis- og lýðheilsunefnd og tónlistardeild
Stórutjarnaskóla*



SAMFÉLAGSVERKEFNI

Viltu aðstoð frá góðum granna?


Unga fólkíð í verkefninu **Margar hendur vinna létt verk** vill aðstoða ykkur í sumar.

Við hjá Landsvirkjun höfum árum saman starfrækt sumarvinnuflokká sem sinna uppbyggingu og fegrun starfsstöðva fyrirtækisins og nágrennis. Jafnframt taka flokkarnir að sér ýmis samstarfsverkefni með nágrönnum okkar vítt og breitt um landið.

Við bjóðum fram vinnu sumarvinnuhópa og verkstjórn í verkefni sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum, ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 16. maí og má nálgast umsókn og allar nánari upplýsingar á landsvirkjun.is/margarhendur

Hafðu samband ef þú ert nágrenni okkar og vilt fá vinnuhóp í heimsókn í sumar.



Afmælishátíð Stórutjarnaskóla

Stórutjarnaskóli hóf störf 9. nóvember 1971 af því tilefni fögnum við 50 ára afmæli skólans þriðjudaginn 10 maí nk. og hefst dagskrá kl. 13:30.

Stórutjarnaskóli 50 ára

Nemandi segir frá skólanum eins og hann er í dag, Ólafur Arngrímsson rifjar upp atriði úr sögu skólans og fyrrverandi nemandi rifjar upp veru sína í skólanum. Ljóðafluttingur, söngur og tónlist ásamt sýningum, leiðsögn um skólann og hátíðarveislu.

Allir hjartanlega velkomnir

Með góðri kveðju,
Starfsfólk og nemendur Stórutjarnaskóla